



Bygðasafn Skagfirðinga

Ársskýrsla 2009



Efnisyfirlit

Formáli	3
I Byggðasafn Skagfirðinga	4
Sýningar og sýningagestir	4
Starfsfólk	4
Söfnun og skráningar.....	5
Samstarf.....	5
Safnmunalán.....	7
Umhirða húsa og lóðar	7
Skemmtilegur ratleikur.....	7
Styrkir	8
II Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga 2009.....	8
Rannsóknastyrkir.....	8
Samstarf við SASS	8
Fornleifarannsókn í Glaumbæ	8
Kirkjurannsóknin.....	8
Byggðasögurannsóknir í Skagafirði	10
Byggðasögurannsóknir í Skagabyggð	10
Aðrar rannsóknir.....	10
IV Fornverkaskólinn	10
Styrkir	11
Útgáfa	13

Formáli

Byggðasafn Skagfirðinga er fræðslu-, þjónustu og rannsóknastofnun sem fyrirhugað er að verði skipt upp í tvö svið: Rekstrarsvið og Rannsókn- og miðlunarsvið, frá og með áramótum 2010-2011. Safnalög 2001/106 kveða á um að endurskoða skuli stefnu safna á fjögurra ára fresti. Í hvert sinn sem stefnan er endurskoðuð er gerð grein fyrir starfseminni og breyttum áherslum. Við nýja stefnumörkun sem unnið var að frá hausti 2009 til febrúar 2010 var tekið mið af því hvernig safninu hefur gengið að ná markmiðum sínum á undanförunum árum og breytingum á starfsemi nálægra safna og setra. Í nýrri stefnumörkun er lögð áhersla á að safnið sinni rannsóknum og fræðslu um menningararf héraðsins og taki þátt í menningartengdri ferðaþjónustu. Leiðarstef nýrrar safnstefnu Byggðasafns Skagfirðinga fyrir árin 2010-2013 í söfnun, varðveislu, rannsóknum, miðlun, fræðslu og samvinnu er *Safnastefna á sviði menningarminja fyrir árin 2010-2014*, sem þjóðminjavörður lagði fram í drögum í janúar 2010.

Hér er stiklað á stærstu þáttum í starfsemi safnsins árið 2009.

I Byggðasafn Skagfirðinga

Gestir safnsins skapa samtals 2,5 ársstörf, sem hlýtur að teljast harla gott. Margfeldisáhrif þeirra eru mikil og skipta verulegu máli í okkar fámenna samfélagi. Átta safnverðir voru við gæslu og móttöku gesta yfir sumartímam, nemendur af öllum skólastigum. Störf safnstjóra eru meira og minna farin að mótast af gestakomum á safnsýningarnar og þjónustu við þá, a.m.k. á hlýrri helming ársins. Umsýsla safnstjóra vegna fjölgunar ferðamanna hefur vaxið svo á milli ára að ferðamálahluti starfsins fer að kalla á enn einn starfsmanninn, því hvernig sem ferðamenn vilja haga sér þarf að sinna öðrum hefðbundnum safnstörfum.

Sýningar og sýningagestir

Gestir á sýningarnar í Glaumbæ og Minjahúsinu voru 34864. Í Glaumbæ komu 30672 og 3192 í Minjahúsið. Hátt á sjötta hundrað grunn- og framhaldsskólanema nutu safnfræðslu á sýningum safnsins og nemendur á námsskeiðum Fornverkaskólans voru.


Sýningar:

- *Mannlíf í torfbæjum 1850-1950* í Glaumbæ á Langholti,
- *Heimilishald 1900-1950* í Áshúsi við Glaumbæ,
- *Margt býr í moldinni* í Minjahúsinu á Sauðárkróki,
- *Gömlu verkstæðin* í Minjahúsinu á Sauðárkróki,
- *Annað land - Annað líf Vesturheimsferðir 1870-1914* í Vesturfarasetrinu á Hofsósi,

Sýningar í Minjahúsinu á Sauðárkróki voru opnar 13-18 alla daga frá 10. júní til 26. ágúst. Aðgangur var ókeypis. Sýningar í Glaumbæ og Áshúsi voru opnar 9-18 alla daga frá 1.



júní til 15. september og kaffistofan Áskaffi á sama tíma. Aðgangur var 500 kr. f. fullorðna (400 kr. f. hópa), 300 fyrir stúdenta og lífeyrisþega. Ókeypis fyrir yngri en 16 ára.



Starfsfólk

Átta safnverðir voru í hlutastarfi yfir sumartímam að taka á móti gestum. Staðarverðir í Glaumbæ og Minjahúsinu voru: Lilja Rún Bjarnadóttir náttúrufræðinemi, Ágúst Sigurjónsson, sagnfræðinemi, Pálmi Sigurjónsson, ferðamálafræðinemi, Stefanía Inga Sigurðardóttir, stúdent og búfræðingur, Óskar Smári Haraldsson, fjölbrautaskólanemi, og þrír grunnskólanemar þeir Arnar Sigurðsson, Róbert Ragnar Guðmundsson og Jón Dagur Gunnlaugsson.

Móttaka gesta, upplýsingagjöf og safnbúð var færð á milli húsa í Glaumbæ, úr Áshúsi yfir í Gilsstofuna. Við það skapaðist meira rými fyrir kaffistofugesti og símavakt, upplýsingar, safnbúðargæsla og tölvuskráningar voru á hendi staðarvarða, í Gilsstofunni.

Á fornleifadeild safnsins voru 3,3 störf háskólamenntaðra sérfræðinga. Að starfi safnsins komu einnig 9 sjálfboðaliðar. 4 starfsmenn voru í kaffistofunni Áskaffi og 3 utanaðkomandi aðilar sinntu viðhaldi og umhirðu húsa og lóða.

Söfnun og skráningar

Á árinu 2009 voru 17 nýir gripir skráðir í Sarp. Nokkrir munir lentu á biðlistanum og bíða ákvörðunar framtíðarinnar um hvort þeir verði gjaldgengir safngripir.

Samstarf

Samstarfsaðilar á árinu:

Sögusetur íslenska hestsins, um sýningahald og söfnun muna – www.sogusetur.is

Hólaskóli, um kennslu, rannsóknir og fræðslu – www.holar.is

Vesturfarasetrið, um sýningarhald – www.hofsos.is

Glaumbæjarkirkju, um móttöku ferðamann og fræðslu,

Tréiðnadeild Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, um Fornverkaskólanámskeið – www.fnv.is

Félagið Á Sturlungaslóð, um miðalda- og sögustaðfræðslu – www.sturlungaslod.is

Verslun Haraldar Júlíussonar, um kynningar og fræðslu,

Maddömunar, um aðstöðu og dægrastyttingu,

Bandaríska rannsóknarteymið SASS, um fornleifarannsóknir -

<http://www.fiskecenter.umb.edu/SASS/>

Bændur á Tyrfingsstöðum, um húsa- og minjavernd,

Kaffistofan Áskaffi, um veitingar til safngesta að hætti skagfirskra húsmæðra – www.askaffi.is

Maddömudagur, lummudagur, safnadagur, rökkurganga og fleira

Maddömunar eru samstarfsaðilar frá í fyrra. Þær gera það ekki endasleppt. Á sumardaginn fyrsta buðu þær upp á lummur og kakó, talnaspeki og vélhjólaskoðun fyrir framan Minjahúsið á Sauðárkróki. Af því tilefni var Minjahúsið opið og Guðný og Bryndís stóðu vaktina þar. Aðsókn var mjög góð. Um 400 manns. Maddömunar lögðu upp með að safna upp í kostnað við nýtt þak á Svarta húsinu svokallaða, sem stendur við hlið Minjahússins og þar hafa þær hreiðrað um sig.



Laugardaginn 11. apríl voru maddömunar enn á ferðinni og Minjahúsið var opið milli 4 og 6. Meistarakokkurinn Jón Dan. setti saman spennandi kræsingar úr Skagfirsku matarkistunni og bauð smakk um leið og hægt var að skoða sýningar.

Afmæli hjá B.Har. Haldið var upp á níræðisafmæli Verslunar H. Júlíussonar fyrstu helgina í júlí. Verslunin var stofnuð 1919. Var mikið um dýrðir hjá Bjarna Har. eiganda verslunarinnar og tók safnið þátt í afmælishaldinu með framlagi, sem fólst í tveimur renningum þar sem lesa mátti upplýsingar um búðina, sögu hennar og skemmtilegt myndefni, sem mikið er til af. Einnig lét safnið gera blýanta sem voru sérmerktir Verslun H. Júl. og gefin voru út póstkort.

Samstarf safns og verslunar H. Júl. hefur staðið frá aldamótum og lýtur að því að halda öllu innanbúðar í sömu skorðum og áður var.



Gömlu leikföngin eru sívinsæl enda hægt að búa stórt og smátt eftir vild, og búa til hvaða fyrirbæri sem er úr hornum og beinum.

Safnadagurinn. Um 750 manns komu við í Glaumbæ á safnadeginum 12. júlí. Inni í eldhúsi var strokkað smjör og boðið nýtt og ósaltað með harðfiski og rúgbrauði og í baðstofunni var þrjónað, brugðið úr hrosshári, spunnið á snældu, saumað, þæft, kembt og kveðið. Úti á hól var slegið með orfi og ljá og heyinu snúið og rakað með hrífu. Horn og bein og efni í girðingar voru fyrir ungmenni á öllum aldri og sáust ýmis tilþrif og nýjungar, í Áshúsbrekkunni, við útfærslur hjá þeim sem sáu nýja notkunarmöguleika á þessum gömlu og góðu, en í nútímanum, ókunnuglegu leikföngum. Sjálfboðaliðar við fræðslu á safnadegi og á aðventu jóla voru: Margrét Ingvarsdóttir, María Helgadóttir, Guðríður B. Helgadóttir, Sólberg Indriðason, Sindri Rögnvaldsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigurður Björnsson og Jóhann Guðmundsson, sem gerðu sér og gestum safnsins dagamun og léttu dagana fyrir starfsmenn safnsins.

Meningarminjadagurinn. Í tilefni af *The European Heritage Day - Les Journées Européennes du Patrimoine* sunnudaginn 6. september var aðgangur ókeypis í gamla bæinn í Glaumbæ.

Áskaffi. Þann 17. des. var Matarkistan Skagafjörður kynnt í Sjónvarpinu og tekið hús á



starfsfólki í Áskaffi. Þar hefur verið lögð áhersla á að bjóða góðar veitingar og þjónustu í anda þess tíðaranda sem húsið stendur fyrir (1883-1977) frá því það var opnað 1995. Margir ferðamenn eltast við staði sem bjóða mat sem einkennir þau svæði sem þeir heimsækja og sá ásetningur að nota Áskaffi til að vekja athygli á skagfirskum matar- og kaffimeðlætishefðum hefur aukið hróður safnsins og svæðisins. Þessi áhersla á framboði kaffistofunnar og þátttaka í Matarkistunni Skagafirði, og

áhersla á að nota skagfirskt hráefni, hefur sannarlega sýnt að svæðisbundin matarferðamennska á mikla möguleika fyrir sér. Það er öllum starfsmönnum safnsvæðisins í Glaumbæ ljóst að það er ekki bara gamli bærinn sem dregur til sín ferðamenn. Ferðabókahöfundar og leiðsögumenn hafa fyrir löngu uppgötvað sérstöðu Áskaffis og undanfarin ár hefur það fest sig í sessi meðal vinsælustu kaffihúsa Norðanlands.

Laugardaginn 19. desember ilmaði húsið af heitu súkkulaði, pönnukökum og öðru góðgæti þegar starfsmenn safnsins buðu í hina árlegu Rökkurgöngu í gamla bæinn.

Safnmunalán

Sögusetur íslenska hestsins, Vesturfarsetrið og Ferðapjónustan á Flugumýri er með muni í láni frá safninu, í sýningum.

Umhirða húsa og lóðar

S. Helgi Sigurðsson annaðist viðhald og viðgerðir á gamla bænum í Glaumbæ, bæði vor og haust. Bragi Skúlason vann við að endurnýja þil á Suðurdyrum, Smiðju og Skemmum.

Gluggar og hurðir á Gilstofu og Áhúsi voru máluð og safnbúðin var færð úr Áshúsinu yfir í Gilstofuna þar sem nú er megin móttaka og upplýsingaþjónusta fyrir gesti safnsins.

Umhirða lóðar var í höndum Sigmars Jóhannssonar.

Skemmtilegur ratleikur

Geocoin er myndmynt sem notuð er í ratleik sem kallast Geocaching, og er í ætt við að FELA HLUT. Geocaching er einskonar fjársjóðsleit sem stunduð hefur verið um allan heim síðustu árin. Leikurinn felst í að laða ferðafólk á staði sem það myndi kannski ekki skoða annars. Hlutur er falinn í krukku eða boxi, með leikföngum, mynt, minjagrip og fleiru í, þar sem ferðamenn eru velkomnir. Færa þarf staðsetninguna inn á heimasíðu verkefnisins <http://www.geocaching.com> með GPS hniti og bíða svo þess að fólk finni „hlutinn“. Hver mynt sem fyrst fer að stað er með númeri og er skráð á nafn á heimasíðunni þannig að hægt sé að fylgjast með ferðalagi þeirra um heiminn, en tilgangurinn með leiknum er fyrst og fremst sá að hvetja fólk til ferðalaga og kynnast nýjum stöðum og samfélögum.



Þann 1. júní 2009 kom BIRTA (öðru nafni Elva Simundsson) með Geocoin-myndmynt frá [New Iceland Heritage Museum](#) í Gimli í Manitoba, Canada til Glaumbæjar. Á sitt hvorri hlið myntarinnar eru myndir, sem vísa til sögu og náttúru Interlakesvæðisins í Canada og er helguð kanadísku fólki af íslenskum ættum í Vesturheimi. Í ágúst fór önnur samskonar mynt af stað frá Glaumbæ. Báðar eru myntirnar farnar frá Íslandi og hafa ferðast til Austurríkis, Þýskalands, Danmerkur og Svíþjóðar og komið við á mörgum spennandi stöðum.

Gestirnir 63 sem höfðu vitja „Geochach-myntanna“ í krukkunni í Glaumbæ í byrjun árs 2010, með aðstoð GPS tækjanna sinna, höfðu skrifa margvísleg skilaboð. Yfirleitt um ferðalagið og hvað þeim fannst um það en einnig gagnlegar ábendingar, sem sannarlega hafa sumar nýst safninu. Fyrst og fremst er leikurinn skemmtilegur og hefur mikið auglýsingagildi fyrir þá staði sem eru „heimili“ fyrir Geochaching ratleikinn.

Styrkir

Safnið fékk samtals 4 875 000 kr. í styrki á árinu:

2,650 þús. kr. til reksturs frá Safnasjóði,

300 þús. kr. til viðhalds Gilsstofu og Áshúss,

125 þús. kr. til útgáfu frá Menningarráði norðurlands vestra.

500 þús. kr. frá Menningarráði Norðurlands vestra, til þess sama.

300 þús. kr. komu frá Húsfriðunarsjóði til Tyrfingsstaðaverkefnisins.

II Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga 2009

Samtals voru 3,3 ársstörf háskólamenntaðra sérfræðinga á Fornleifadeild safnsins. Um er að ræða störf tveggja fornleifafræðinga og landfræðings. Síðast liðið ár lagði sveitarfélagið til stöðu eins sérfræðings við deildina en aðrar stöður hafa verið fjármagnaðar með sértekjum og styrkjum. Starfsmenn deildarinnar vinna að fornleifaskráningum og fornleifaönnunum í tengslum við skipulags-, korta- og sýningargerð, mannabeinarannsóknir og framkvæmdir. Starfsmenn deildarinnar hafa komið að og/eða hafa verið í forsvari fyrir flestum fornleifarannsóknum sem farið hafa fram í Skagafirði á undanförunum árum. Má þar nefna Hólarannsóknina, Kolkuósrannsóknir, rannsóknir í Keldudal, Byggðasögurannsóknir í samvinnu við Byggðasöguritari, jarðsjárrannsóknir bandaríska SASS hópsins (Skagafjörður Archaeological Settlement Survey) og síðast en ekki síst rannsóknir á forn- um kirkjugörðum í Skagafirði.

Starfsmenn deildarinnar voru. Guðný Zoëga, Guðmundur Stefán Sigurðarson og Bryndís Zoëga. Berglind Þorsteinsdóttir vann þar einnig tímabundið.

Rannsóknastyrkir

Fornleifadeildin fékk 2,8 milljónir kr. í styrki til rannsókna. Til rannsókna í Glaumbæ kom 1 millj. kr. frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra, 250 þús. kr. frá Menningarráði Norðurlands vestra í fornleifaönnun í Skagabyggð annarsvegar og 250.000 í byggðasögurannsóknir í Skagafirði hinsvegar. Fornleifasjóður veitti 1,3 millj. frá Fornleifasjóði til rannsókna á forn- um kirkjustöðum í Skagafirði.

Samstarf við SASS

Byggðasafnið er í samstarfi við bandarískt rannsóknarteymi SASS (Skagafjörður Archaeological Settlement Survey) Aðal verkefni hópsins hefur verið að nota jarðsjármælingar til að finna og greina landnámsaldarminjar sem eru ekki lengur sýnilegar. Samstarfsverkefni sumarsins voru annarsvegar jarðsjármælingar og fornleifauppgröftur í Glaumbæ og hinsvegar leit fornra kirkjugarða undir hatti kirkjurannsóknarinnar og rannsóknir tveggja fornra kirkjugarða á Seylu í Seyluhreppi.

Fornleifarannsókn í Glaumbæ

Styrkur fékkst til fornleifarannsókna í Glaumbæ og var rannsóknin unnin í samstarfi við SASS rannsóknarteymið. Í túni neðan við gamla bæinn í Glaumbæ var fjarlægð grasrót af stóru svæði til að mæla svæðið nánar með jarðsjártækjum en einnig var grafinn skurður í ruslahaug tengdan stórri skálabyggingu sem fannst við jarðsjármælingar og var rannsökuð frekar 2005. Skýrsla um rannsóknina er í vinnslu.

Kirkjurannsóknin

Kirkjurannsókninni er ætlað að skrásetja og kortleggja alla elstu kirkjustaði í héraðinu og gera á fornleifakannanir á stöðum sem ætlað er að kirkjur / kirkjugarðar hafi staðið í elstu tíð og er þá sérstök áhersla lögð á staði þar sem einungis er um að ræða munnmæli, beinafundi eða óljósari heimildir um tilvist þeirra. Árið 2009 var athyglinni beint að:

Seylu, Mið-Grund, Garði og Gili. Ekki tókst að staðsetja meintan kirkjugarð á Gili, en þar hafa komið fram vísbendingar um búsetu allt frá landnámsöld.


Á Mið-Grund, sem ekki er nefnd í ritheimildum sem kirkjustaður fyrr en á 18. öld var staðfestur 11. aldar grafreitir.



Myndir frá Hegranesþingstað. Mynd 1 sýnir beinagrind tveggja 11. aldar kvenna. Mynd 2 sýnir hvar kirkjugarðurinn er syðst á meintum þingstaðnum.

Í landi Garðs, Hegranesi (hinum forna Hegranesþingstað) var ætlunin að rannsaka hvort hringlaga garðlag, meintur dómhringur eða lögrétta, væri í raun forn kirkjugarður. Rannsóknin nú fólst í að athuga nánar hvort um grafir væri að ræða og reyndist svo vera. Alls komu fram merki um fjórar grafir í garðinum, þrjár grafir fullorðinna og ein ungbarnagröf, og hafa þær allar verið teknar um eða rétt eftir að Heklugjóskan frá 1104 féll.

Einhverjar óvæntustu niðurstöður sumarsins fundur 11. aldar kirkjugarðs á Stóru-Seylu í um 70 m fjarlægð frá öðrum kirkjugarði frá 12. öld. Vitað var um kirkju og garð umhverfis hana á Seylu og voru leifar hans enn sýnilegar á yfirborði. Það kom því mjög á óvart þegar jarðsjármælingar gáfu til kynna leifar annars kirkjugarðs frá 11. öld. Í báðum görðum komu fram grafir. Rannsóknin var unnin í samstarfi við SASS.



Jarðsjármynd af 11. aldar kirkjugarði að Stóru-Seylu á Langholti. Eftir nokkurra ára þróun hugbúnaðar og aðferðafræði hefur tekist að ná fram einstaklega skýrum og athyglisverðum myndum af jarðlægum minjum, sem flestar eru ósjáanlegar á yfirborði (Mynd: SASS/Brian Damiata).

Byggðasögurannsóknir í Skagafirði

Fornleifadeild Byggðsafnsins og Byggðasaga Skagafjarðar hafa undanfarin ár haft með sér samstarf um rannsóknir á elstu byggð héraðsins og er fimmta bindi Byggðasögunnar nú í prentun. Við byggðasögurannsóknirnar 2008-2009 voru teknir könnunarskurðir og/eða borkjarnar á 18 stöðum. Á þrettán staðanna komu fram vísbendingar um byggð frá því fyrir 1300 þar af voru vísbendingar um byggð fyrir árið 1000 á sex staðanna. Á fimm stöðum voru einungis vísbendingar um byggð eftir 1300. Á einum staðanna, Bjarnastöðum í Kolbeinsdal, sem rannsakaðir voru fundust leifar óljóss hringlaga mannvirkis og vöknuðu grunsemdir um að um fornan kirkjugarð gæti verið að ræða. Engar heimildir eru um kirkjugarð í Kolbeinsdal og verður fundurinn rannsakaður nánar sumarið 2010.

Byggðasögurannsóknir í Skagabyggð

Fornleifadeildin fékk styrk til smærra fornleifarannsóknna á fjórum stöðum í Skagabyggð, Austur-Húnavatnssýslu. Staðirnir hafa verið uppmældir og skráðir í tengslum við skráningu fornleifa í sveitarfélaginu seinustu ár og virtust á yfirborði geta talist mjög fornir. Bæði voru grafnir könnunarskurðir og notaður kjarnabor til að reyna að ákvarða aldur og gerð minjanna. Á tveimur staðanna kom fram vísbending um byggð frá því fyrir 1104.

Aðrar rannsóknir

Fornleifadeildin kom að fjölmörgum öðrum verkefnum s.s. fornleifaskráningu í Skagafirði, á Héraði, í Húnavatnshreppi, Skagaströnd, Skagabyggð og Blönduósbæ. Einnig voru minjar skráðar í Hrafnkelsdal vegna væntanlegrar vegagerðar og könnunarskurðir voru teknir í tóftir í Skáldalæk í Svarfaðardal, einnig vegna vegagerðar. Unnið var að gerð korts um slóðir Vatnsdælasögu fyrir félagið Landnám Ingimundar gamla.

IV Fornverkaskólinn

Haldin voru 4 námskeið á vegum Fornverkaskólans árið 2009. Eitt í grjóthleðslu, tvö í timburviðgerðum og eitt stórt námskeið í torfhleðslu. Alls voru 29 nemendur sem sóttu námskeiðin og þar af höfðu þrír nemendur sótt námskeið skólans áður. Tveir komu erlendis frá. Frá því að fyrsta námskeiðið var haldið vorið 2007 hafa 86 nemendur sótt námskeið skólans. Kennarar voru S. Helgi Sigurðsson og Bragi Skúlason.

Á árinu 2009 var lögð aukin áhersla á því að kynna starfsemi skólans. Snemmsumars kom út kynningarbæklingur um skólann en útgáfa hans var styrkt af Menningarráði Norðurlands vestra. Bæklingurinn er nú í þýðingu yfir á ensku. Einnig hófst gerð heimasíðu en fram til þessa hefur skólinn haft pláss á heimasíðum Byggðasafns Skagfirðinga og Háskólans á Hólum. Á heimasíðunni verður að finna upplýsingar um námskeið skólans, hægt kynna sér starfsemi og markmið hans og hægt er að sækja rafrænt um námskeið en slóðin á vefinn er www.fornverkaskolinn.is. Fornverkaskólinn lét einnig gera fyrir sig merki (lógó) á árinu og var það Ólafía Zoëga nemi í arkitektúr sem hannaði það.

Aðstaðan á Tyrfingsstöðum batnaði til muna þegar skólinn fékk að láni vinnuskúr Trésmiðjunni Borg. Þar með var komin aðstaða til að geyma verkfæri og annað tengt starfsemi auk þess sem kaffistofa er í skúrnum. Byggðasafn Skagfirðinga styrkti skólann til verkfærakaupa og eignaðist skólinn þá hluta þeirra verkfæra sem notuð eru til kennslunnar en áður hefur þurft að leigja þau eða fá lánuð. Styrkur fékkst frá Menningarráði Norðurlands vestra til frekari uppbyggingar og er nú verið að smíða torfljái fyrir skólann, sem vonandi verða komnir í notkun í sumar.

Haustið 2009 fengu bændur á Tyrfingsstöðum sér fé af Ströndum 9 gimbur og 1 hrút sem flutt eru í Hólhúsin, sem Fornverkaskólinn gerði upp árið 2007 og var ekki annað að sjá en að féð hafi unað sér vel í nýju gömlu húsunum.



Mynd 1. Á leið inni Hólhúsin þar sem ilmandi hey er á garða. Mynd 2. Gimbrar í nyrðri krónni.

Styrkir

Starfsemi Fornverkaskólans byggist að mestu leyti upp á þeim styrkjum sem verkefnið fær. Árið 2009 fékk Fornverkaskólinn:

1 millj. kr. frá Fjárlaganefnd Alþingi til efnisvinnslu fyrir viðgerðir og námskeið á Tyrfingsstöðum.

Menningarráð Norðurlands vestra veitti tvo styrki, annarsvegar 250.000 kr. til gerðar kynningarbæklings um starfsemi skólans á ensku og íslensku og hinsvegar 250.000 kr. vegna uppbyggingu á aðbúnaði og aðstöðu Fornverkaskólans.

Þjóðhátíðarsjóður veitti 400.000 kr. styrk til tveggja torfnámskeiða á árinu 2010.

Sáttmáli til sóknar í skólamállum styrki skólann um 100.000 til þess að halda grjóthleðslunámskeið.

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra styrkti skólann til að koma á fót embætti verkefnisstjóra. Styrkurinn reyndist ekki nægur til að halda úti sjálfstæðum verkefnisstjóra í fullri stöðu því var samið við einn starfsmanna Fornleifadeildar Byggingasafns Skagfirðinga að gegna stöðu verkefnisstjóra Fornverkaskólans, með öðrum störfum við deildina.

Akraheppur styrkti Fornverkaskólann um 100.000 kr. á árinu.



Myndirnar sýna nýjan einhlaðinn vegg á hlaðinu í Flatatungu og viðgerð á tvíhlöðnum vegg í gamalli skilarétt í Silfra-staðaffalli á grjóthleðslunámskeiði 2009.



Á torfhleðslunámskeiði 2009. Páll Tryggvason setur streng í norðurvegginn. Fyllt er upp í veggina með mold til að jafna áður en annað lag er sett af streng.



Mynd 1. Framhúsið áður en þakið var tekið niður á fyrri timburviðgerðanámskeiðinu 2009. Mynd 2 er tekin þegar búið var að taka þilið af framhúsinu.



Dagana 11-13. september luku starfsmenn Fornverks ehf. þeir Helgi Sigurðsson og Eymundur Sigurðsson við að hlaða upp suðurgaflinn og tyrfa þakið ásamt Sigurði Björnssyni ábúanda á Tyrfingsstöðum.

Starfsmenn Fornverks ehf. vinna að því að hlaða suðurgasl og setja torfur á þakið.

Útgáfa

Gefin voru út 4 ný póstkort og eins og undanfarin 20 ár var sýningarskrá fyrir gamla bæinn gefin út í tugþúsundum eintaka á 9 tungumálum.

Smárit

Séra Sigríður Gunnarsdóttir. *Nunnuklaustrið á Reynistað*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga nr. 12.

Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga

85. *Sölvabakki, urðunarstaður*. Mat á umhverfisáhrifum. Greinargerð um fornleifar. Guðný Zoëga. Mars 2009. 2009/85.

87. *Nautabú í Neðribyggð*. Fornleifaskráning. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. Mars 2009. 2009/87.

86. *Kirkjustaðir miðalda í Skagafirði*. Sigríður Sigurðardóttir. 2008/79.

88. *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Höskuldsstaðir og Syðri-Hóll*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. Maí 2009. 2009/88.

89. *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Hof og Steinnýjarstaðir*. Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. Maí 2009. 2009/89.

90. *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Tjörn, Hafnir og Kaldrani*. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. Maí 2009. 2009/90.

91. *Fornleifarannsókn í landi Skáldalækjar í Svarfaðardal*. Guðný Zoëga. Október 2009/91.

92. *Fornleifakönnun í Skagabyggð*. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson. Nóvember. 2009/92.

93. *Sveitarfélagið Skagaströnd*. Fornleifaskráning. Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga. Desember. 2009/93.

94. *Fornleifaskráning Blönduósþæjar III. Fremstagil, Geitaskarð, Holtastaðir, Móberg/Skriðuland*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson. Desember. 2009/94.

95. *Skagfirska kirkjurannsóknin – framvinduskýrsla 2009*. Guðný Zoëga. Desember 2009/95.

96. *Fornleifaskráning vegna vegagerðar í Hrafnkeldal*. Guðný Zoëga. Desember 2009/96.

97. *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Bólstaðahlíð og Botnastaðir*. Guðmundur St. Sigurðarson. Desember 2009/97.

98. *Fornleifaskráning Blönduósþæjar III. Fremstagil, Geitaskarð, Holtastaðir, Móberg*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. Desember 2009. 2009/98.

99. *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Hvammur, Hof, Saurbær, Brúsastaðir*. Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. Desember 2009. 2009/99.

100. *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Stóra-Giljá og Reykir við Reykjabraut*. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga. Desember 2009. 2009/100.

